



128. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 30. júní, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Samþykkt og gjaldskrá um kattahald í Blönduósbæ.
2. Skuldayfirlit – fyrstu tillögur að uppgreiðslu lána sveitarfélagsins.
3. Fundargerð aðalfundar Norðurlands ásamt ársreikningi 2004.
4. Sorpförgun fyrir Norðurland vestra. Tillaga að matsáætlun.
5. Húsnæðismál skrifstofu – framtíðarsýn.
6. Ferðapjónustumálefni.
7. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 27. júní sl.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Samþykkt og gjaldskrá um kattahald í Blönduósbæ.**
Samþykktirnar yfirfarnar af bæjarráði og breytingartillögur ræddar. Bæjarstjóra falið að leggja fram drög að nýjum samþykktum og gjaldskrá um kattahald miðað við þá umræðu sem fram fór.
2. **Skuldayfirlit – fyrstu tillögur að uppgreiðslu lána sveitarfélagsins.**
Fram lagt skuldayfirlit og tillögur að uppgreiðslu lána.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að hefjast þegar handa við uppgreiðslu óhagstæðustu lánanna sem nemur allt að 300 mkr. Samþykkt að tekin verði endanleg ákvörðun um heildar uppgreiðslu lána við endurskoðun fjárhagsáætlunar
3. **Fundargerð aðalfundar Norðurlands ásamt ársreikningi 2004.**
Lagt fram til kynningar.
4. **Sorpförgun fyrir Norðurland vestra. Tillaga að matsáætlun.**
Tillagan er unnin af Jarðfræðistofunni Stapa fyrir samstarfsnefnd um sorpförgun fyrir NV. Í bréfi dags. 22. júní 2005 leitar Skipulagsstofnun álags Blönduóssbæjar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umsögn óskast send fyrir 5. júlí nk. og geta bæjarbúar kynnt sér málið á heimasíðu sveitarfélagsins: www.blonduos.is
5. **Húsnæðismál skrifstofu – framtíðarsýn.**
Rætt um húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að rita Héraðsnefnd og Félagspjónustu bréf varðandi starfsstöðvar Félagspjónustu og atvinnuráðgjafa.



6. Ferðapjónustumálefni.

Töluvert hefur borið á því undanfarið að eigendur hjólhýsa og húsbíla leggi vítt og breytt innan bæjarmarkanna í þeim tilgangi að gista. Bæjarráð telur þetta óásættanlegt þar sem í Brautarhvammi er að finna glæsilegt tjaldsvæði með úrvals aðstöðu.

Bæjarráð samþykkir að bæta merkingar hvað þetta varðar þar sem fram komi að bannað sé að tjalda og leggja húsbílum til gistingar nema á þar til merktum svæðum.

7. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 27. júní sl.

Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

a. Fram lagt erindi Glæðheima ehf. þar sem óskað er eftir leyfi til að setja niður auglýsingaskilti við Þjóðveg 1. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti þó með fyrirvara um samþykki skipulags- og bygginganefndar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)